

AVINTYRABÓKIN



Viš hõldum mež fér!

olis

Sudoku

1.

8		9	1	7			
	4		7	6		8	
7	5					6	
		8	5	1		2	4
4	1		7		2		5 8
	7	2		6	8	3	
	3						1 6
	8		6	2		4	
		7	1		3		
							5

2.

	8		1	4		5		
		4	7		6		8	
	5			8	9			7
	7	5	8	2				4
	3	1		7		6	5	
4				6	1	8	7	
3			2	1				4
	1		4		8	2		
		2		3	5		1	

3.

	8	7	5					2	
1	3			8	6				7
5		4		9	7				8
9	4	6			2				
				7					
			6			4	8	2	
2			7	5		3			4
7			9	2				1	6
	9				3	2	7		

4.

			6		
			4	5	
	2				4
6				1	
	6	4			
		5			

5.

3				1
2				
				2
1				3

Paraðu saman stóra og litla stafi

A
K
F
D
Ú
G
R
E

g
r
e
d
f
ú
k
a

Hvaða tölur vantar í röðina?

1 2 3 _ 5 6 7 _ 9 10

Brandari



Konan: Eftir hverjum ert þú nú skírður Hans?

Hans: Eftir spænska kónginum

Konan: En hann heitir ekki Hans

Hans: Jú, hans hátign!

Paraðu saman orð og mynd

Bíll


Kisa

Bátur

Húfa


Hjól

Epli



Finndu fimm villur

Kemurðu auga á villurnar fimm í myndunum hér að neðan?



Lausnir eru að finna aftast í skjalinu.

Stafasúpa

Í römmunum er að finna orð – lárétt, lóðrétt eða á ská.

DÝR:

T	I	E	G	I	N	S	A	M	R
D	F	H	Æ	N	A	M	A	Ý	D
R	Ð	A	T	A	S	I	K	B	A
D	N	I	K	N	T	N	R	Ð	T
R	E	F	U	R	U	K	U	K	L
F	O	L	A	L	D	U	D	S	Y
S	N	T	U	A	N	R	N	Í	G
Á	N	A	M	A	Ð	K	U	R	R
R	U	T	S	E	H	U	H	G	I

GEIT
HÆNA
KÝR
KISA
HESTUR
NAUT
ASNI
HUNDUR

KIND
MINKUR
FOLALD
GYLTA
REFUR
ÁNAMAÐKUR
GRÍS

ÁVEXTIR:

S	Í	T	R	Ó	N	A	I	F
Ö	A	R	A	S	T	L	N	Æ
K	N	O	R	Í	P	É	R	D
R	I	R	P	E	R	A	E	V
Æ	A	M	E	L	Ó	N	A	U
B	E	S	A	N	A	N	A	Ó
P	A	B	A	N	A	N	I	T

PERA
ANANAS
SÍTRÓNA
EPLI
MELÓNA
BANANI

Lausnir eru að finna aftast í skjalinu.

Brandarar

Pabbinn: Hvar er nýja, vatnshelda, höggþetta og óbrjótanlega úrið sem ég gaf þér í afmælisgjöf?

Stebbi: Ég týndi því





Ertu ánægður með nýja hundinn þinn?

Já mjög, hann sækir til dæmis alltaf Moggann fyrir mig

En eru ekki margir hundar sem gera það?

Jú, jú, en ég er ekki áskrifandi




Feluleikur í vöfundarhúsi

Ásta er föst inni í vöfundarhúsinu og vinir hennar þurfa að finna hana sem fyrst. Hver þeirra kemst fyrstur til hennar?




Rósa



Palli



Gunnar



Ásta







Sígga

Það var _____ sem fann Ástu.






Lausn er að finna aftast í skjalinu.

Hvað passar ekki?

Dragðu hring um þá mynd sem ekki passar með myndunum í sömu línu.




Tengdu saman þá hluti sem passa saman



Finna spegilmynd

Dragðu línu á milli réttra spegilmynda.



Lausn er að finna aftast í skjalinu.

Orðaleikir

Hægt er að fara í ýmsa orðaleiki hvort heldur verið er á ferðalagi í bílnum, í sumarbústað eða heima.

Einn leikur er að finna nafnorð sem byrjar á tilgreindum staf t.d. A.

Dæmi: akur, andi, aftan o.s.frv.

Leikurinn getur verið keppni milli einstaklinga eða hópa. Hver og einn fær ákveðinn tíma t.d. eina eða tvær mínútur til að svara. Gefa má eitt stig fyrir rétt svar. Í lokin eru stigin talin og sigrar sá sem hefur flest stig.


Það má útfæra þennan leik á marga vegu eins og t.d. að finna nöfn á dýrum eða eingöngu fuglum sem byrja t. d. á S.

Dæmi: spói, stökkönd, súla o.s.frv.

Eins er hægt að vera með lýsingarorð eða flokka niður í hugtök eins og orð sem tengjast kvikmyndum, tölvum eða tölvuleikjum o.fl.

Að finna málshátt

Einn úr hópnum fer út. Hinir velja málshátt og gefa hverjum og einum eitt orð úr honum. Nú kemur sá inn sem fór út, snýr sér að einhverjum og spyr hann: „Hvaða orð hefur þú?“ Sá sem spurður er verður að muna orðið, sem honum var gefið, og svara því. Spyrjandinn á að geta sér til hver málshátturinn er. Þegar allir hafa verið spyrjendur vinnur sá sem fæstra spurninga þurfti að spyrja til þess að finna rétta málsháttinn.





Hvaða orð er þetta?

Allir þátttakendur fá blað og blýant. Stjórnandinn velur sér langt orð t.d. MYND-VARPABORÐ: Þetta orð skrifar hann á blaðið sitt og tölusetur hvern staf frá 1 til 13 því myndvarpaborð er 13 stafa orð.

M Y N D V A R P A B O R Ð
1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13

Stjórnandinn segir þátttakendum að orðið hafi 13 bókstafi og þeir skrifa tölustafi frá einum og upp í þrettán í lárétta línu á blöðin sem þeir fengu. Stjórnandinn gefur þá nokkrar vísbendingar og þátttakendur reyna að finna út hvaða orð hann valdi.

Dæmi: 5, 6, 7, 8 er stafur þar sem margir fuglar eiga hreiður (varp).

Þátttakendur reyna að finna út orðið og skrifa stafina fyrir ofan tölurnar.

Dæmi: 5, 11, 12 er árstíð (vor) o.s.frv.

Sá þátttakandi sem er fyrstur að finna orðið sem stjórnandinn valdi hefur unnið.

Gátur

1. Hvernig veistu að fill hefur verið í ískápnum?
2. Hvað er það sem sekkur í sæ en blotnar ekki?
3. Hvernig brenndi drekinn sig á hendinni?
4. Hvað er það sem er samsett úr mörgum götum en getur þó haldið vatni?
5. Hvað er það sem lengist og styttest í senn?

Vísbendingaspurningar

Rétt svar við fyrstu vísbendingu gefur þrjú stig, við annarri tvö stig og eitt við þeirri þriðju.

1. Spurt er um dýrategund

Fyrsta vísbending:

Þeir hafa verið á Íslandi svo lengi sem fólk hefur búið hér.

Önnur vísbending:

Sumir segja að þeir séu bestu félagar mannsins.

Þriðja vísbending:

Þeir hafa ætíð gætt bæja og heimila og hjálpað við smalamennsku.

2. Spurt er um hljóðfæri

Fyrsta vísbending:

Það er gert úr látúnsröri, um 130 cm löngu. Tónninn er myndaður með því að klemma varirnar saman upp að munnstykkinu og blása í.

Önnur vísbending:

Hljóðfærið hefur tæran og bjartan hljóm. Hann er hægt að deyfa eða réttara sagt kæfa með því að setja dempara upp í bjöllu hljóðfærisins.

Þriðja vísbending:


Meðal frægra hljóðfæraleikara, sem lék á þetta tiltekna hljóðfæri, má nefna Lewis Armstrong.

3. Spurt er um teiknimyndapersónu

Fyrsta vísbending:

Höfundur hans er Jim Davis. Þessi teiknimyndapersóna hefur verið til í núverandi mynd í um 28 ár. Gerir lítið annað en að borða og sofa.

Svör eru að finna aftast í skjalinu.



Önnur vísbending:

Uppáhaldsmatur „persónunnar“ er lasagne, en versti matur eru rúsínur.

Priðja vísbending:

„Persónan“ er köttur og eigandi hans heitir Jón. Besti vinur hans er bangsi.

4. Spurt er um sögupersónu

Fyrsta vísbending:

Höfundur þessarar sögupersónu er Gunilla Bergström. Hann er 5 ára, bráðskemmtilegur og uppátækjasamur snáði sem býr með pabba sínum.

Önnur vísbending:

Honum finnst fátt skemmtilegra en þegar pabbi hans leikur sér við hann. Það næstskemmtilegasta er verkfærakassinn. En það er stranglega bannað og stórhættulegt að leika sér með sögjana!

Priðja vísbending:

Nokkrar bækur hafa komið út á íslensku eins og „Stattu þig ...“, „Klókur ertu ...“ og „Ertu svona ...“

5. Spurt um sögupersónur

Fyrsta vísbending:


Sögupersónurnar eru þrjár og algjörlega óaðskiljanlegar persónur í leikriti eftir Thorbjörn Egner

Önnur vísbending:

Þær búa í fyrirmyndarbæ undir blíðlegri stjórn Bastíans bæjarfógeta.

Priðja vísbending:

Þeim reynist erfitt að hafa hreint í kringum sig og nótt eina ræna þeir Soffíu frænku svo hún geti þrifið fyrir þá og eldað matinn.



Söngtextar

Ég er furðuverk

Lag og texti: Jóhann G. Jóhannsson

Ég á augu, ég á eyru, ég á lítið skrýtið nef.
Ég á augnabrúnir og augnalok sem lokast er ég sef.
Ég á kinnar og varir rauðar og á höfði hef ég hár.
Eina tungu og tvö lungu og heila sem er klár.

Ég á tennur og blóð sem rennur og hjarta sem að slær.
Tvær hendur og tvo fætur, tíu fingur og tíu tær.
Ég get gengið og ég get hlaupið, kann að tala mannamál.
Ég á bakhlið, ég á framhlið en innst inni hef ég sál.

Því ég er furðuverk, algjört furðuverk sem að guð bjó til.
Ég er furðuverk, algjört furðuverk, lítið samt ég skil.

Það vantar spýtur

Lag og texti: Ólafur Haukur Símonarson

Kannst þið við krakka sem að kúra í sandkassa?
Þeim leiðist heldur lífið og eru löngu hætt að krassa.

Það vantar spýtur og það vantar sög,
það vantar málningu og fjörug lög.

Þau hafa rólað hundrað milljón sinnum út og inn
og mokað saman sandinum í skóinn sinn.

Það vantar spýtur og það vantar sög ...

Kannst þið við snáða sem að engu fá að ráða?
Þeir þvælast bara hér og þar og eru fyrir alls staðar.

Það vantar spýtur og það vantar sög ...

Kannst þið við krakka sem að kúra á skólabekkjum
og langtum flestum líður eins og kartöflum í sekkjum?

Það vantar spýtur og það vantar sög ...





Do er tónn

Do er tónn sem fyrstur fer
re í röðinni er næst.
Mí er sá sem milli er
fa í fylgd með honum slæst.
So er sífellt númer fimm
la er líkt og nóttin dimm.
Tí er síðastur og svo
við syngjum lagið upp á do
o, o, o, o.

Do er tónn sem fyrstur fer
re í röðinni er næst.
Mí er sá sem milli er
fa í fylgd með honum slæst.
So er sífellt númer fimm
la er líkt og nóttin dimm.
Tí er síðastur og svo
við syngjum lagið upp á do.
Do, re, mí, fa, so, la, tí do, so do.

Ég skal mála allan heiminn

Lag og texti: Sænskt lag/Hinrik Bjarnason

Ég skal mála allan heiminn elsku mamma,
eintómt sólskin, bjart og jafnt.
Þó að dimmi að með daga kalda' og skamma,
dagar þínir verða ljósir allir samt.
Litlu blómin, sem þig langar til að kaupa,
skal ég lita hér á teikniblaðið mitt.
Ég skal mála allan heiminn elsku mamma,
svo alltaf skíni sól í húsið þitt.

Óskaðu þér mamma, alls sem þú vilt fá,
ennþá á ég liti, til hvers sem verða má.
Allar heimsins stjörnur og ævintýrafjöll
óskaðu þér mamma svo lita ég þau öll.

Ég skal mála allan heiminn elsku mamma ...

Mamma ertu sorgmædd, seg mér hvað er að,
alltaf skal ég mála gleði yfir það.
Ótal fagra liti á ég fyrir þig,
ekki gráta mamma, brostu fyrir mig.

Ég skal mála allan heiminn elsku mamma ...

Í grænnu lautu

Í grænni lautu þar geymi ég hringinn
sem mér var gefinn og hvar er hann nú,
sem mér var gefinn og hvar er hann nú?

Í grænni lautu þar geymi ég hringinn
sem mér var gefinn og hvar er hann nú,
sem mér var gefinn og hvar er hann nú?

Ræningjarnir leita

Lag og texti: Thorbjörn Egner
Íslensk þýðing: Kristján frá Djúpalæk

Hvar er húfan mín? Hvar er hempan mín?
Hvar er falska, gamla, fjöggra gata flautan mín?
Hvar er úrið mitt? Hvar er þetta og hitt?
Hvar er bláa skyrtan, trefilinn og beltið mitt?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.


Sérðu þvottaskál? Sérðu þráð og nál?
Sérðu hnífinn, sérðu diskinn og mitt drykkjarmál?
Sérðu pottana og seglgarnspottana?
Sérðu heftið sem ég las um hottintottana?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Sérðu töskuna? Sérðu flöskuna?
Sérðu eldinn, sérðu reykin, sérðu öskuna?
Hvar er peysan blá? Hvar er pyngjan smá?
Hvar er flísín sem ég stakk í mín stórutá?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.
Hvar er hárgreiðan? Hvar er eldspýtan?
Hvar er Kasper, hvar er Jesper, hvar er Jónatan?
Þetta er ljótt að sjá, alltaf leita má.
Hvar er kertið sem við erfðum henni ömmu frá?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Signir sól

Lag og texti: Gunnar M. Magnússon

Signir sól sérhvern hól.
Sveitin klæðist geislakjól.
Blómin blíð, björt og fríð,
blika fjalls í hlíð.
Nú er fagurt flest í dag.
Fuglar syngja gleðibrag.
Sumarljóð, sæl og rjóð,
syngja börnin góð.




Spurningar

1. Í bæ einum á Íslandi eru haldnir „Danskir dagar“ á hverju sumri og hefur verið gert síðan 2004. Hvaða bær er það?
2. Hvaða fáni er þetta?



3. Hvaða bók hlaut barnabókaverðlaun menntaráðs Reykjavíkur nú í ár (2009) sem besta frumsamda barnabókin?
4. Hverjir hlutu Íslandsmeistaratitilinn í handbolta karla að loknu keppnistímabilinu 2008/2009?
5. Hvaða handboltalið í kvennaflokki hrósaði sigri þriðja árið í röð vorið 2009?
6. Hvaða land hefur oftast sigrað í Evróvision og hversu oft?
7. Hvað heitir lagið sem Jóhanna Guðrún Jónsdóttir söng í Evróvision fyrir Ísland árið 2009?
8. Hvaða skóli sigraði í keppninni Skólaheysti vorið 2009?
9. Í hvaða borg var Evróvision-keppnin haldin 2009?
10. Hvað heitir Idol-stjarna Íslands árið 2009?

Svör eru að finna aftast í skjalinu.





Sagan af Gilitrutt

Einu sinni í eldgamla daga bjó ungur bóndi austur undir Eyjafjöllum. Hann var vinnusamur mjög og duglegur. Hann var nýkvæntur þegar þessi saga gerist. Konan hans var ung og snotur og að mörgu leyti býsna væn en því miður duglaus og dáðlaus, nennti ekkert að gera, hékk í leti í baðstofunni og skipti sér lítið af búinu. Þetta líkaði bónda mjög illa, en gat þó ekki að gert. Og enn verra var að búíð þeirra var stórt, hann átti margt fé og hafði mörgu að sinna.


Eitt haust hafði bónda safnast mikil og góð ull af kindunum sínum og eins og venja var fékk hann konu sinni ullarstranga og bað hana að vinna úr henni vaðmál um veturinn, en úr vaðmálinu mátti síðan gera föt og sauma flíkur. En konan tók nú ekki líflega undir það. Leið svo fram á vetur, að konan snerti ekki á ullinni og minnsti bóndinn þó oft á það. Einhverju sinni sem oftar kom bóndi að máli við konu sína og spurði, „Ertu byrjuð að vinna ullina?“ En hún sneri upp á sig og sagði þurrlega, „Æi, svei mér nei, ég nenni því ekki“. Við svo búíð gekk bóndi út, daufur í dálkinn og fór að sinna búinu.

Þá bar það til tíðinda einn daginn, er kona bónda sat aðgerðarlaus með hendur í skauti, að á bæjarhellunni birtist kerlingarskrukka ein, heldur stórskorin, sem hún hafði aldrei áður séð. Skipti engum togum að kerlingin bar strax upp erindið og sagði aumlega, “Má ég biðja þig fyrir greiða einn, mér til handa?” En eins og við var að búast gall við samskonar viðkvæði hjá bóndakonunni og fyrr og hún hreytti út úr sér, „Æi, ég nenni því nú helst ekki“. En kerlingarskrukkann lét sig ekki og kvaðst fús til að endurgjalda henni greiðann, ef hún kærði sig um. „Ég er rösk til ýmissa verka, nefndu það og líkur eru á að ég geti liðsinn þér“, sagði hún svo og beið átektu eftir svári. Og þá datt konu bóndans snjallræði í hug. „Segðu mér, geturðu ef til vill unnið fyrir mig ull til vaðmála?“ Við þetta færðist glott yfir útskorið andlit kerlingarskrukkunnar og hún sagði af sannfæringu, „Fáðu mér hana þá tafarlaust!“ Og kona bónda tók kerlingu á orðinu, þreif upp stóran ullarpoka og fékk henni. Kerling tók við sekknum, snaraði honum því næst af undraverðum burðum á bak sér

og sagði svo, „Ég skal koma með voðina á sumardaginn fyrsta, fullunna sem væri hún úr voðarveri kóngsins í Kaupmannahöfn“. Þetta þótti konu bónda hin bestu skipti en afréð þó að spyrja kerlingu hvað hún vildi hafa í kaup. Þá glotti kerling undirfurðulega og sagði, „Tja ... það er nú svo sem ekki mikið ... en þegar þar að kemur, skalt þú segja mér nafn mitt í þriðju gátu og erum við þá sáttar“. Konu bónda þótti þetta nú létt verk og löðurmannlegt og sagði, „Iss, skítur á priki“. Og við svo búið hvarf kerling á braut.

Leið nú fram á veturinn og var bóndi að vonum orðinn langeygur eftir ulla vaðmálinu og af þeim sökum kom hann eitt sinn sem oftast að máli við konu sína. „Og hvað skyldi líða ullinni og vaðmálinu?“ spurði hann brúnaþungur. En kona hans var snögg upp á lagið, sem endranær og svaraði með þóttu, „Það skiptir þig engu, karl minn og hættu nú þessu suði. Ég get lofað þér því að vaðmálið skaltu fá, unnið til síðustu ullarrýju, slétt og fellt sem værdarvoð, á sumardaginn fyrsta“. Ekki var bóndi nú trúaður á að þetta gengi eftir, en lét þó gott heita.

Leið nú fram á útmánuði, en þá fer konan að hugsa um nafn kerlingar. En þeim mun lengur sem hún brýtur heilann, þeim mun færri ráð sér hún fær til að komast að því. Gerðist hún nú áhyggjufull mjög og hugsjúk af þessu, svo hún var vart mönnum sinnandi, æddi um baðstofugólfíð og var friðlaus. Bóndi hennar varð þess var og spurði hana einhverju sinni, „Ég sé þér er brugðið þessi dægri, hvað amar að þér?“ Þá staðnæmdist konan eitt andartak, tyllt sér á brík og sagði, „Það er löng saga frá að segja ...“ Og lengra komst konan ekki, því hún brast í mikinn grát. En að lokum kom hún sér þó til þess, með erfðismunum og ekkasögum, að segja bónda sínum upp alla söguna. Þegar hún hafði lokið frásögninni, varð bóndi þungbúinn og ekki laust við að ótti væri í svip hans og augnaráði er hann sagði við hana, „Þar fórstu illa að ráði þínu og ertu nú búin að koma sjálfri þér og okkur báðum í sjálfheldu, þar sem ljóst má vera að kerling þessi er tröll“. Konan náfölnaði, greip í hönd bónda síns og sagði, „Tröll? Hvað áttu við?“ Þá tók bóndi að ganga um gólf meðan hann skýrði konu frá því sem hann grunaði verst. „Já, tröll! Og fyrir greiðasemina, mun tröllíð vilja taka þig að launum“. Við þetta setti enn grát að konu bónda og var hún óhuggandi dögum saman.



Fáeinum dögum síðar varð bónda gengið upp undir fjallið og kom hann á grjóthól einn stóran. Hann var að hugsa um raunir sínar og konu sinnar og vissi varla af sér. Þá heyrir bónda sem hann heyrir högg inni í hólnum. Hann gengur á hljóðið og kemur að smugu einni í fjallinu. Er hann gægist inn trúir hann vart eigin augum, en þar er kerling ein heldur stórvaxin og situr að ullarvef. Hefur hún vefinn milli fóta sér og slær hann mjög og á meðan kveður hún fyrir munni sér skrækum róm, „Hæ, hæ og hó, hó. Húsfreyja veit ei, hvað ég heiti; hæ, hæ og hó, hó. Gilitrutt heiti ég, hó, hó. Gilitrutt heiti ég, hæ, hæ og hó, hó!“ Og þetta ítrekaði hún í sífellu og sló vefinn í ákafa svo vaðmálið spýttist undan henni eins og úr vefmaskínu. Bóndi varð glaður við og þóttist vita að þetta myndi vera kerling sú, sem hafði hitt konu hans um haustið.

Hann fer síðan heim og ritar hjá sér á miða nafnið Gilitrutt. Ekki lét hann þó konu sína heyra það og kom nú hinn síðasti vetrardagur. Þá var húsfreyja mjög angurvær, og fór ekki í klæði sín um daginn, en var í hugarvíli sem aldrei fyrr“. Jæja, góða mín, veistu nafn hennar vinnukonu þinnar?“ spurði bóndi. Vesalings konan hristi höfuðið og stundi, „Nei, ég hef enga hugmynd um hvað kerling heitir og er mér nauðugur sá kostur að deyjá úr harmi.“ Og svo tók hún að gráta. En þá vék bóndi sér að henni og sagði henni að þess þyrfti nú ekki við, fékk henni miðann með nafninu á og sagði henni upp alla sögu. Hún tók við blaðinu og skal af hræðslu, því hún óttaðist, að nafnið kynni að vera rangt. „Ó, en viltu vera hjá mér, þegar kerlingarskarnið kemur, elskan mín?“ Þá setti bóndi upp strangan svip og sagði, „Ó, nei, þú varst ein í ráðum þegar þú fékkst henni ullina, svo það er best að þú gjaldir ein kaupið“. Og að því sögðu snerist bóndi á hæl og strunsaði út bæjargöngin.

Nú kemur sumardagurinn fyrsti, og lá konan ein í rúmi sínu, en enginn maður annar var í bænum. Heyrir hún þá dunur miklar og undirgang og áður en langt um líður kemur þar kerlingin og er nú ekki frýnileg. Hún snarar inn á gólfið vaðmálsstranga gríðarlega miklum og stórum en snoturlega ofnum. „Jæja, væna, hvað heiti ég nú, og hvað heiti ég nú?“ sagði hún og glotti við ljóta skögultönn. Vesalings konan, sem var nær dauða en lífi af ótta, afréð þó að teygja lopann ögn um sinn og sagði sakleysislega, „Heitirðu nokkuð ... Signý?“ Þá skellti kerlingin upp úr og sagði, „Það heiti ég, það heiti ég, eða hitt þó heldur – og gettu aftur, húsfreyja“. Þá sagði konan og virtist alveg vera að bugast, „Heitirðu nokkuð ... Ása?“ Við þetta tók kerling bakföll af hlátri og var nær oltin niður af baðstofulofтину. „Það heiti ég, það heiti ég, eða hitt þó heldur – og gettu enn, húsfreyja!“ Þá stóð kona bónda á fætur, taldi í sig kjark og sagði, „Ekki vænti ég þess að þú heitir Gilitrutt?“ Við þetta varð kerlingunni svo bilt, að hún datt kylliflöt á baðstofugólfið og varð þá skellur mikill. Reis hún svo upp, gaut gulum glyrnnum á konu bóndans eitt andartak, en fór svo burtu og sást aldrei síðan.

Konan varð nú fegnari en frá megi segja yfir því, að hún hafði sloppið frá tröllskessunni með þessum hætti og varð hún öll önnur. Gerðist hún iðjusöm mjög og vann ull sína sjálf æ síðan, bónda sínum til mikillar gleði. Lifðu þau saman í sátt allt til æviloka, sem var löngu síðar, því bæði náðu háum aldri, eignuðust átta börn, átján barnabörn og átta átta barnabarnabörn.



Bakkabræður – „Faðir vor kallar kútinn“

Á bænum Bakka í Svarfaðardal, bjó fyrir löngu bóndi einn, fremur fátækur. Átti hann þrjá syni sem hétu Gísli, Eiríkur og Helgi. Voru þeir bræður kunnir um sveitir fyrir heimsku og gengu af þeim sökum undir ýmsum heitum sem sveitungar þeirra sköfðuð rausnarlega, eins og Bakkabræður, Bakkafón, Bakkusar, Bakkabusar, Bakteríusar og fleira í svipuðum dúr. Undarlegt var allt háttalag þeirra bræðra og ef einn gerði eitthvað, gerðu hinir það líka. Ef einhver þeirra þurfti að fara af bæ, fóru þeir ævinlega allir. Ef þeir töluðu hver við annan, sögðu þeir jafnan, „Heyrðu, Gísli-Eiríkur-Helgi“, því þeir höfðu aldrei glöggvað sig á því hver hét hvað – og slógu því ætíð varnagla með því móti að þegar Gísli sagði, „Heyrðu, Gísli-Eiríkur-Helgi“, sagði Eiríkur, „Já, Gísli-Eiríkur-Helgi“ og þá sagði Helgi nær undantekningarlaust „Vorðu þið að tala við mig, Gísli-Eiríkur-Helgi?“ en við því átti Gísli aðeins eitt svar: „Nei, það held ég ekki“.

Einu sinni reru þeir bræður með föður sínum til fiskidráttar. En þegar hér var komið sögu, var karl orðinn roskinn mjög og heilsulaus og þurfti því jafnan að hafa meðferðis mixtúru eina rammsterka, sem skottulæknir úr nærliggjandi sveit hafði fengið honum til heilsubótar. Og er þeir héldu í róðurinn, var mixtúran höfð meðferðis. Geymdi karlinn mixtúruna í gríðarlega miklu íláti eða blöndukút og var hann settur í skut bátsins og skyldi verða þar til taks, ef eitthvað amaði að karli. Er þeir voru komnir út á auðan sjó og höfðu dorgað um hríð, vildi svo til, sem við mátti búast, að karli varð fjarskalega illt. Hann lagðist tafarlaust fyrir og tók að emja af kvölum. „Æ, ó, ó, í guðsbænum, nú kalla ég á kútinn“. Þá sneri Gísli sér að hinum og sagði, „Gísli-Eiríkur-Helgi, faðir vor kallar kútinn!“ Og Eiríkur hváði, „Ha? Faðir vor?“ Og Gísli ítrekaði að bragði, „Já, faðir vor“. Þá spurði Eiríkur, „Faðir vor þú sem ert á himnum?“ „Nei, nei,“ sagði þá Gísli og bætti svo við, „þú sem ert í bátnum“. Þá horfði Eiríkur tómum augum út í loftið um hríð og spurði síðan, „Nú? Hver er það?“ Og Gísli svaraði, „Faðir vor“. Þá spurði Eiríkur, „Þú sem ert á himnum helgist þitt nafn?“ Og Gísli svaraði, „Nei, sem er í bátnum, kallar á kútinn“. Og þá loks áttaði Eiríkur

sig og sagði, „Nú? Hann“. Og svo sneri Eiríkur sér að Helga og sagði, „Gísli-Eiríkur-Helgi, faðir vor kallar kútinn“, en við það vaknaði Helgi upp úr dagdraumum sínum og sagði, „Gísli-Eiríkur-Helgi, faðir vor kallar kútinn“. Þá hrökk Gísli í kút og sagði hissa, „Nú? Ekki heyrði ég hann kalla“, og Eiríkur sagði, „Ekki ég heldur“.

Og við svo búið sneru þeir bræður sér að verki og tóku aftur til við að dorga. Og karl faðir þeirra lá enn afvelta, sárkvalinn og kallaði enn á kútinn, allt hvað af tók. Þá sagði Gísli, „Gísli-Eiríkur-Helgi, faðir vor kallar kútinn“. Og Eiríkur tók undir og sagði líka, „Nú? Gísli-Eiríkur-Helgi, faðir vor kallar kútinn“. Og Helgi fór eins að og sagði, „Nú? Gísli-Eiríkur-Helgi, faðir vor kallar kútinn“. Við svo búið sneri Helgi sér aftur að veiðarfærunum, sama gerðu bræður hans og enn héldu þeir áfram að dorga, meðan karlinn lá fyrir, emjandi af kvölum. Og á þessu voru þeir bræður að stagast, fram eftir degi, þangað til karlinn var dauður, því enginn þeirra skildi hvað karlinn vildi kútnum, auk þess sem þeir töldu, hver fyrir sig, að þeir hefðu komið erindinu áleiðis. Síðan er það haft fyrir máltæki að sá „kalli kútinn“, sem er að deyja.

Þegar þeir bræður loks lögðu bátkaenu sinni að landi síðla dags, tóku þeir að velta því fyrir sér hvað þeir ættu að gera við karl föður sinn, sem lá andaður í bátnum. „Hvað er til ráða, Gísli-Eiríkur-Helgi?“ spurði Gísli. „Verðum við ekki að láta jarðsyngja hann í kirkjunni, Gísli-Eiríkur-Helgi“, sagði þá Eiríkur. „Nei, Gísli-Eiríkur-Helgi“, skaut Helgi þá inn í og bætti síðan við, “Það gengur ekki því karli föður okkar var uppsigað við kirkjuvaldið, trúði aldrei á guð hálfmáttugan og bað okkur lengstra orða að láta aldrei jarða sig, Gísli-Eiríkur-Helgi“. Við þetta sló þunga þögn á bræðragengið frá Bakka, meðan þeir veltu vöngum yfir því hvað hægt væri að gera við skrokkinn af karli, úr því að ekki mátti jarða hann. Loks stundi Gísli upp, „Nú, Gísli-Eiríkur-Helgi, ef ekki má jarða karl, hvað getum við þá gert?“ Þá hugsaði Eiríkur sig um andartak og svo þung voru heilabrot hans að augun runnu í kross. Þó sagði hann að lokum, „Nú, Gísli-Eiríkur-Helgi, ef ekki má jarða karl, hvað getum við þá gert?“ Og þá varð þeim báðum litið á Helga, sem gapti um stund eins og þorskur á þurru landi, uns hann stundi upp, „Nú, Gísli-Eiríkur-Helgi, ef ekki má jarða karl, ætli við verðum þá ekki bara að gróðursetja hann?“

Og lýkur hér þessari sögu af Bakkabræðrum þeim Gísla, Eiríki og Helga.

Lausnir

Suduko

1.

8	2	6	9	5	1	7	3	4
1	9	4	3	7	6	5	8	2
7	5	3	2	8	4	1	6	9
3	6	8	5	1	9	2	4	7
4	1	9	7	3	2	6	5	8
5	7	2	4	6	8	3	9	1
2	3	5	8	4	7	9	1	6
9	8	1	6	2	5	4	7	3
6	4	7	1	9	3	8	2	5

2.

7	8	3	1	4	2	5	6	9
2	9	4	7	5	6	3	8	1
1	5	6	3	8	9	4	2	7
6	7	5	8	2	3	1	9	4
8	3	1	9	7	4	6	5	2
4	2	9	5	6	1	8	7	3
3	6	8	2	1	7	9	4	5
5	1	7	4	9	8	2	3	6
9	4	2	6	3	5	7	1	8

3.

6	8	7	5	4	1	9	2	3
1	3	9	2	8	6	5	4	7
5	2	4	3	9	7	1	6	8
9	4	6	8	3	2	7	5	1
8	1	2	4	7	5	6	3	9
3	7	5	6	1	9	4	8	2
2	6	1	7	5	8	3	9	4
7	5	3	9	2	4	8	1	6
4	9	8	1	6	3	2	7	5

4.

4	5	2	6	3	1
3	1	6	4	5	2
5	2	1	3	6	4
6	4	3	2	1	5
1	6	4	5	2	3
2	3	5	1	4	6

5.

3	4	2	1
2	1	3	4
4	3	1	2
1	2	4	3

Stafasúpa


DÝR:

T	I	E	G	I	N	S	A	M	R
D	F	H	Æ	N	A	M	A	Y	D
R	Ð	A	T	A	S	I	K	B	Á
D	N	I	K	N	T	N	R	Ð	T
R	E	F	U	R	U	K	U	K	L
F	O	L	A	L	D	U	D	S	Y
S	N	T	U	A	N	R	N	I	G
Á	N	A	M	A	Ð	K	U	R	R
R	U	T	S	E	H	U	H	G	I

ÁVEXTIR:

S	I	T	R	Ó	N	A	I	F
Ö	A	R	A	S	T	L	N	Æ
K	N	O	R	I	P	É	R	D
R	I	R	P	E	R	A	Æ	V
Æ	A	M	E	L	Ó	N	A	U
B	E	S	A	N	A	N	A	Ó
P	A	B	A	N	A	N	I	T

Feluleikur í völuarhúsi




Paraðu saman stóra og litla stafi




Hvaða tölur vantar í röðina?

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

Finndu fimm villur




Paraðu saman orð og mynd




Lausnir


Hvað passar ekki?



Finna spegilmynd



Tengdu saman þá hluti sem passa saman



Svör við vísbendingaspurningum

1. Hundur
2. Trompet
3. Grettir
4. Einar Áskell
5. Kasper, Jesper og Jónatan

Svör við gátum

1. Það eru fótspor í smjörinu
2. Sólin
3. Hann hélt fyrir munninn þegar hann geispaði
4. Svampur
5. Ævin

Svör við spurningum

1. Stykkishólmur
2. Grænfáninn
3. Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina
4. Haukar
5. Stjarnan
6. Írland hefur sigrað sjö sinnum
7. Is it true?
8. Heiðarskóli Reykjanesbæ
9. Moskvu
10. Hrafnna Hanna Elísa Herbertsdóttir